



12. kafli

Starfsreglur stjórnar

Lífeyrissjóðs bænda

Reglur þessar eru settar skv. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

30. apríl 2020

1. gr. Starfsemi.

- 1.1. Lífeyrissjóður bænda starfar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.
- 1.2. Sjóðurinn skal annast móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Sjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til þess að ná þessum tilgangi.
- 1.3. Stjórnarmenn skulu í störfum sínum hafa hagsmuni sjóðsins að leiðarljósi.

2. gr. Skipan stjórnar.

- 2.1.1 Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á ársfundi sjóðsins til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmaður skal kosinn á ári, í fyrsta sinn á ársfundi sjóðsins 2019 þó þannig að fjórða hvert ár skal kjósa tvo, í fyrsta sinn 2020. Varamenn í stjórn skulu vera tveir. Einn varamaður skal kosinn á ársfundi sjóðsins annað hvert ár til fjögurra ára í senn í fyrsta sinn á ársfundi sjóðsins 2019. Þó skal á ársfundi 2019 kjósa tvo varastjórnarmenn, annan til tveggja ára og hinn til fjögurra ára. Tryggja skal að kynjahlutföll í stjórn og varastjórn séu í samræmi við ákvæði laga. Þess skal gætt við stjórnarkjör að hverju sinni verði í stjórn fullnægjandi sérþekking á sviði fjármála-, rekstrar- og lagaumhverfis og skulu að minnsta kosti tveir stjórnarmanna vera þessum kostum búnir. Allir sjóðfélagar hafa jafnan atkvæðisrétt við stjórnarkjör.

3. gr. Skipting starfa innan stjórnar.

- 3.1. Stjórn sjóðsins skal koma saman að skipan lokinni og skipta með sér verkum.

4. gr. Verksvið stjórnar.

- 4.1. Stjórn fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og sér um að skipulag hans og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur.
- 4.2. Stjórn sér um að nægilegt eftirlit sé með reikningshaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Hún skal kveða á um skipulag, innra eftirlit, bókhald og reikningsskil.
- 4.3. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun og önnur starfskjör hans, gengur frá starfslýsingu, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn frá störfum. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við framkvæmdastjóra. Stjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við framkvæmdastjóra um laun og önnur starfskjör.
- 4.4. Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt framkvæmdastjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Öll skjöl sem varða meiriháttar ákvarðanir, svo sem samningar er teljast óvenjulegir eða meiriháttar eða hafa verulega þýðingu fyrir starfsemi sjóðsins skulu undirrituð af stjórnarformanni sjóðsins og framkvæmdastjóra.
- 4.5. Stjórn sjóðsins skal setja sér formleg viðmið þegar um meiriháttar eða óvenjuleg viðskipti er að ræða varðandi áhættuþætti fjárfestingaverkefna sem, sjóðurinn hyggst taka þátt í.
- 4.6. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á að eigið áhættumat sé framkvæmt a.m.k. árlega og hvenær sem verulegar breytingar verða á áhættusniði sjóðsins, sem tekur mið af

eðli og umfangi sjóðsins, sbr. 3. mgr. 36. gr. e. laga nr. 129/1997 og III. kafla reglugerðar nr. 590/2017.

- 4.7. Stjórnin mótar stefnu sjóðsins og starfsemi þar með talið fjárfestingarstefnu. Stjórnin ráðstafar fjármunum sjóðsins með hliðsjón af bestu kjörum á hverjum tíma, að teknu tilliti til áhættu, og með hliðsjón af langtímaskuldbindingum sjóðsins. Stjórnin skal sjá til þess að samsetning eignasafns sé í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarstefnu sjóðsins hverju sinni.
- 4.8. Stjórn sjóðsins skal móta innra eftirlit sjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla.
- 4.9. Stjórn skal setja sér verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna.
- 4.10. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á skipun endurskoðunarnefndar, sem hefur m.a. eftirlit með reikningshaldi, áhættustýringu og gerð ársreiknings sjóðsins í samræmi við ákvæði IX. kafla um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn setur endurskoðunarnefnd starfsreglur.
- 4.11. Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á og sinnir eftirliti með útvistun.
- 4.12. Stjórn sjóðsins setur sérstakar reglur um lán til sjóðfélaga.
- 4.13. Stjórn sjóðsins setur sérstakar siða- og samskiptareglur.
- 4.14. Í skýrslu stjórnar fyrir ársfund skal koma fram yfirlit um starfsemi sjóðsins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagsstöðu sjóðsins.
- 4.15. Stjórnin skal árlega láta framkvæma tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum sjóðsins um hver áramót, sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997. Athugun skal framkvæmd af tryggingafræðingi eða öðrum þeim sem hlotið hafa viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins til slíks starfs. Fyrir 15. maí ár hvert skal senda Fjármálaeftirlitinu hina tryggingafræðilegu athugun. Leiði tryggingafræðileg athugun á tryggingadeild í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga samkvæmt grein 6.2. er stjórn lífeyrissjóðsins skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár. Ef eignir tryggingadeildar, að viðbættu endurmati og frádregnu mati á fjárfestingargjöldum, eru meira en 10% lægri en áfallnar skuldbindingar við tryggingafræðilegar athuganir tvö ár í röð er stjórn sjóðsins heimilt að lækka áunnin réttindi og lífeyri sjóðfélaga hlutfallslega skv. tillögu tryggingafræðings sjóðsins. Barnalífeyri skal þó ekki lækka.
- 4.16. Stjórn skal árlega leggja mat á störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti og starf framkvæmdastjóra og rekstur sjóðsins í heild. Við framkvæmd matsins skal stjórnin taka mið af ákvæðum um árangursmat í leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja.

5. gr. Fyrirsvar stjórnar.

- 5.1. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hennar hönd nema stjórnin ákveði annað.

- 5.2. Stjórnin ákveður hver fari með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í. Stjórnin ákveður hver sé fulltrúi sjóðsins í stjórn stofnunar eða fyrirtækis, nema lög kveði á um annað.
- 5.3. Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart framkvæmdastjóra.

6. gr. Boðun funda o.fl.

- 6.1. Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði nema yfir sumartímann. Auk þess skal halda stjórnarfund, ef formaður stjórnar, stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telja slíkt nauðsynlegt. Fundaform getur verið staðbundinn fundur og/eða gegnum fjarfundabúnað að ákvörðun stjórnar hverju sinni.
- 6.2. Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn. Í árslok skal þó að öllu jöfnu leggja fram áætlun um stjórnarfundir næsta starfsárs, oftast einu sinni í mánuði nema yfir sumartímann.
- 6.3. Til stjórnarfundar skal boða með minnst fimm daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið annan frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 6.4. Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt (með rafrænum hætti eða símbrefi) og skal í því greina dagskrá. Leggja skal fram á hverjum stjórnarfundum upplýsingar um helstu þætti í starfsemi sjóðsins frá síðasta stjórnarfundum. Sé í gildi samningur um umsjón fjárfestinga fyrir sjóðinn skv. ákvæðum í grein 8.9. í samþykktum, skulu yfirlit lögð fram minnst ársfjórðungslega.
- 6.5. Stjórnarmaður sem ekki kemst á boðaðan stjórnarfund skal tilkynna það tímanlega til framkvæmdastjóra sem sér um að boða varamann í þeim tilvikum sem stjórnarmaður á þess ekki kost að vera á fjarfundum.
- 6.6. Stjórn skal halda ársfund sjóðsins fyrir lok júní ár hvert, sbr. samþykktir sjóðsins.

7. gr. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 7.1. Stjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnar sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við þessar starfsreglur. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.
- 7.2. Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum.
- 7.3. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum.
- 7.4. Óski stjórnarmaður eftir frestun afgreiðslu máls til næsta fundar skal orðið við slíkri beiðni enda bjóði brýnir hagsmunir sjóðsins ekki annað.
- 7.5. Stjórnarmaður er eingöngu bundinn af sannfæringu sinni við meðferð mála og í störfum sínum, með hagsmuni sjóðsins og sjóðfélaga í fyrirrúmi.
- 7.6. Óski stjórnarmaður eftir að einstök mál séu tekin á dagskrá stjórnarfunda snýr hann sér til stjórnarformanns eða framkvæmdastjóra.
- 7.7. Starf stjórnar fer almennt fram á stjórnarfundum og í tölvupóstssamskiptum milli funda. Upplýst skal um samskipti á milli stjórnarmanna og/eða milli

stjórnarmanna og stjórnenda sjóðsins utan stjórnarfunda við upphaf næsta stjórnarfundar varði þau ákvarðanir stjórnar eða forsendur ákvarðana stjórnar.

- 7.8. Ef taka þarf ákvörðun utan formlegra funda stjórnar telst hún gild ef meirihluti stjórnarmanna samþykkir í tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt. Ákvörðun sem tekin er milli formlegra funda skal bóka á næsta stjórnarfundi á eftir.

8. gr. Fundargerðir og fundargerðarbók.

- 8.1. Formaður stjórnar skal sjá um að skráð sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar. Heimilt er að skrá fundargerðir á laus blöð enda séu þær undirritaðar í samræmi við 8.6.
- 8.2. Fundargerðir skulu sendar út til allra stjórnarmanna og þeirra varamanna sem setið hafa viðkomandi fund eftir stjórnarfundi.
- 8.3. Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:
- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - Hverjir sitja fundinn, hver stýrir honum og hver ritar fundargerð.
 - Dagskráratriði, stutta lýsingu á dagskrárliðum og gögnum fundarins.
 - Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
 - Upphaf og lok fundartíma.
 - Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.
- 8.4. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.
- 8.5. Í upphafi stjórnarfundar skal fundargerð næsta stjórnarfundar á undan borin upp til samþykktar.
- 8.6. Fundargerðir skulu undirritaðar af stjórnarmönnum og skulu formaður og framkvæmdastjóri árita hverja síðu til staðfestingar. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók eða undirritaðar með ofangreindum hætti teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum.

9. gr. Þagnar- og trúnaðarskylda.

- 9.1. Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að gögn, sem hann hefur tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila. Þagnarskylda helst þó stjórnarmaður láti af starfi.

10. gr. Vanhæfi.

- 10.1. Stjórnarmenn eða starfsmenn mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða þá sjálfa eða nána ættingja þeirra. Við mat á vanhæfi skal stuðst við ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður sem kunna að valda vanhæfi hans skal vekja athygli formanns á þeim.
- 10.2. Stjórnin tekur í kjölfarið ákvörðun um hvort viðkomandi stjórnarmaður eða starfsmaður skuli víkja sæti á meðan á meðferð málsins stendur. Þeir sem

ákvörðun um vanhæfi snýr að skulu ekki taka þátt í umræðu eða ákvörðun þar um.

- 10.3. Stjórnarmenn mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra aðila eða á kostnað sjóðsins.

11. gr. Frekari reglur um störf stjórnar.

- 11.1. Stjórnarmenn skulu kynna sér og starfa eftir ákvæðum laga, samþykktum sjóðsins og öðrum reglum er gilda um sjóðinn og almennum reglum verðbréfamarkaðarins.
- 11.2. Um ábyrgð, vald og störf stjórnar sjóðsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt samþykktum sjóðsins, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 og öðrum almennum lögum og reglum sem eiga við um starfsemi sjóðsins.

12. gr. Breytingar á starfsreglum stjórnar.

- 12.1. Stjórn sjóðsins ákveður breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

13. gr. Meðferð starfsreglna.

- 13.1. Þeir sem sæti eiga í stjórn sjóðsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit reglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestingar.
- 13.2. Stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og endurskoðanda sjóðsins skal afhent eintak af starfsreglum stjórnar sjóðsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum sjóðsins þann 30. apríl 2020 og koma framangreindar starfsreglur í stað fyrri starfsreglna stjórnar dagsettar 18. apríl 2018.

Reykjavík 30. apríl 2020

STJÓRN LÍFEYRISSJÓÐS BÆNDA

Skúli Bjarnason, formaður stjórnar

Erna Bjarnadóttir

Guðrún Lárusdóttir

Vigdís Sveinbjörnsdóttir

Örn Bergsson



**Í stjórn
Lífeyrissjóðs bænda**

Skúli Bjarnason
formaður

Erna Bjarnadóttir

Guðrún Lárusdóttir

Vigdís Sveinbjörnsdóttir

Örn Bergsson